

## **M-41/2007 Álit 18. janúar 2008**

### **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 18. janúar 2008 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-41/2007:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 8. nóvember sl. báðu X og Z, um álit kærunefndarinnar vegna kaupa þeirra á sófa af fyrirtækinu Y. Álitsbeiðendur segja sófann vera gallaðan vilja fá kaupverð hans endurgreitt. Verði álitnið að endurgreiðsla eigi að vera lægri en nemi kaupverði sófans gera þau kröfu um að fá vexti dæmda af fjárhæðinni frá maí 2006.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Kærunefndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 4. desember sl. Frestur til að skila þeim var fyrst gefinn til 15. s.m., en lengdur til 22. desember. Andsvör seljanda bárust nefndinni 21. desember. Andsvörin voru kynnt álitsbeiðendum með bréfi dags. s.d. og var þeim veittur frestur til að gera athugasemdir við andsvörin til 8. janúar 2008. Þann dag bárust nefndinni athugasemdir álitsbeiðenda. Með bréfi, dags. 10. janúar sl. var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðendur segjast hafa keypt sófann 17. október 2005 fyrir kr. 139.900 og við kaupin tekið fram að þau vildu að sófinn væri slitsterkur og auðveldur að þrifa. Seljandi hafi fullyrt að um hágæðasófa væri að ræða með sterku og endingargóðu áklæði. Eftir 6 mánaða notkun hafi áklæðið verið illa farið, efnið hafi hnökrað og dregist til. Áklæðið hafi verið laust í sér og auðvelt að draga þræði úr því. Þau hafi tilkynnt seljanda um þetta og þá fengið þær upplýsingar að klippa ætti á þræðina og raka hnökranana en við þau svör hafi þau ekki sætt sig. Við frekari samskipti við verslunarstjóra seljanda hafi komið í ljós að verið væri að kanna nokkra sófa með sams konar áklæði þar sem grunur léki á að um framleiðslugalla væri að ræða. Þau hafi sent seljanda myndir af sófanum samkvæmt beiðni verslunarstjórans og um haustið hafi borist þau svör að málið væri leyst, verslunin viðurkenndi að um framleiðslugalla væri að ræða á sófanum og svo væri farið um nokkra sófa sem komið hefðu í sömu sendingu.

Eftir að hafa fengið upplýsingar frá verslunarstjóranum um að sófanum yrði hent hafi þau álitnið að hann væri úrskurðaður ónothæfur og því hætt að vernda hann m.a. fyrir heimiliskettinum. Þau hafi farið fram á skriflega staðfestingu á þessu sem verslunarstjórinn hefði sagt þarflausa þar sem þau fengu tjónið bætt að fullu. Á það hafi þau sæst. Niðurstaðan hafi þannig orðið sú að nýr sófi sömu tegundar hafi verið pantaður fyrir þau með öðru áklæði. Eftir langa bið hafi þau fengið þau svör að sófinn kæmi fyrir jólin 2006 sem ekki hafi orðið. Verslunarstjórinn hafi sagt að verksmiðjan sem framleitt hefði sófann hefði lokað á viðskipti við Y og ekki væri unnt að fá sama sófa. Þá hafi

verslunarstjórinn boðið þeim að velja annan sófa í versluninni og yrði hann dýrari en sófinn sem þau hefðu keypt væri hægt að athuga með afslátt. Afslátturinn hafi átt að vera 5% sem ekki hafi verið ásættanlegt. Við þá niðurstöðu hafi þau ekki sætt sig þar sem verð í versluninni hefði hækkað og hafi þau ekki séð fram á að fá sams konar sófa nema þurfa að greiða 100-150.000 krónur til viðbótar.

Um mánaðamótin maí/júní sl. hafi þau skilað sófanum til seljanda sem tekið hafi við honum án athugasemda. Frá byrjun júní og fram í júlí hafi þau farið vikulega til þess að skoða sófa og ávallt hafi þeim verið lofað nýjum gerðum af sófum sem ekki hafi verið staðið við. Í síðasta skiptið hafi þeim verið tjáð að gæðastjórn fyrirtækisins væri ekki sátt við meðferð sófans og óskaði eftir því að málinu yrði vísað til Neytendasamtakanna, sem þau hafi gert. Síðan þá hafi þau átt samskipti við gæðastjóra seljanda til að reyna að finna farsæla lausn á málinu án árangurs. Samkvæmt munnlegum upplýsingum álitsbeiðenda hafi þeim verið boðið að helmingur kaupverðsins yrði endurgreiddur en á það hafi þau ekki getað fallist.

#### IV

#### Andsvör gagnaðila

Lögmaður Y skilaði andsvörum sem bærust kærunefndinni 21. desember eins og fyrr greinir. Í þeim er því mótmælt að álitsbeiðendum hafi verið ráðlagt að klippa á þræði í áklæði sófans og að til hafi staðið að henda sófanum. Á það er bent að frá stofnun fyrirtækisins hafi það einungis tekið örfáa sófa til baka vegna framleiðslugalla og hafi þeir verið seldir sem útlitsgölluð vara en engum þeirra fargað. Sú skylda hvíli á kaupanda vöru, samkvæmt meginreglunni um umönnunarskyldu neytanda á gölluðum hlut, að skila gallaðri vöru í því ástandi sem hún hafi verið í við afhendingu eða því ástandi sem sé afleiðing framleiðslugalla. Að þessu hafi álitsbeiðendur ekki gætt eins og fram komi í álitsbeiðni þeirra. Það hafi leitt til þess að sófinn sé nú ónothæfur og geti seljandi ekki selt hann til þess að takmarka hugsanlegt tjón sitt. Þá tekur lögmaðurinn fram að framleiðandi sófans hafi ekki hætt viðskiptum við Y heldur hafi hann orðið gjaldþrota og því ekki getað staðið við skuldbindingar sínar.

Lögmaðurinn segir umbjóðanda sinn viðurkenna að sófinn sé gallaður að því leyti að áklæði hans vilji hnökra og hafi boðið seljendum 50% afslátt af kaupverði sem jafngildi kostnaði við að skipta um áklæði á sófanum. Því hafi álitsbeiðendur hafnað. Seljandi telji sér óskyld að greiða bætur sem ekki stafi af raunverulegum framleiðslugalla. Sófinn sé mun verr farinn en sá sófi sem kærunefndin hafi fjallað um í áliti sínu frá 17. september sl. og skýrist það fyrst og fremst af þeim skemmdum sem köttur álitsbeiðenda hafi unnið á sófanum.

Lögmaðurinn segir umbjóðanda sinn hafna því að álitsbeiðendur fá kaupverð sófans að fullu endurgreitt þar sem þau hafi haft afnot af sófanum í eitt og hálf ár og jafnframt ekki gætt þess að takmarka tjón sitt í samræmi við ákvæði 54. gr. laga nr. 48/2005. Álitsbeiðendur verði sjálf að bera það tjón sem leitt hafi af því að þau hafi ekki gætt umönnunarskyldu sinnar. Hins vegar sé umbjóðandi sinn tilbúinn til þess að veita álitsbeiðendum afslátt af sófanum vegna sannanlegs framleiðslugalla.

#### V

#### Athugasemdir álitsbeiðenda

Í athugasemdum álitsbeiðenda við andsvörin kemur fram að þau telji það ósanngjarnt að endurgreiðslu kaupverðs sófans sé hafnað á þeirri forsendu að þau hafi haft afnot af sófanum í eitt og hálf ár þar sem viðurkennt sé af hálfu seljanda að sófinn sé gallaður. Álitsbeiðendur telji að þau eigi rétt á því að fá sófann bættan að fullu þótt hægt væri að draga frá þær skemmdir sem kötturinn hafi valdið en þær hafi einungis verið á örmum sófans. Þá segjast álitsbeiðendur hafa verið tilbúin til þess að skila sófanum eftir 6 mánaða notkun hans en því hafi verið hafnað af verslunarstjóranum sem hafi sagt að þau myndu fljótlega fá nýjan sófa og gætu þangað til haft afnot af þeim sófa sem þau keyptu. Síðan segir orðrétt í athugasemdunum: „Þar sem við viljum ná málalyktum í máli þessu sem fyrst förum við fram á að Y láti yfirdekkja sófann að frádregnum þeim hlutum sem skemmdir eru eftir köttinn, og þar með ljúka málinu, en þyrftum þá auðvitað að vera með í ráðum varðandi áklæði.“

#### IV

##### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðenda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Kærunefndin hefur reynt sættir með aðilum sem ekki hafa tekist.

Það er óumdeilt að galli kom fram á sófanum sem álitsbeiðandi keypti, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003, og verður að telja eins og gallanum var háttað að kvartað hafi verið undan honum án ástæðulauss dráttar, sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna. Kærunefndinni þykja atvik málsins benda til að í upphafi hafi um það verið rætt á milli álitsbeiðenda og seljanda að seljandi legði þeim til nýjan sófa. Hins vegar hafnar seljandi því nú að endurgreiða álitsbeiðendum fullt verð sófans þar sem þau hafi haft not af honum í eitt og hálf ár. Auk þess hafi álitsbeiðendur ekki gætt þeirrar skyldu sinnar að takmarka tjónið því að heimilisköttur þeirra hafi aukið á gallann sem geri það að verkum að seljandi geti ekki selt sófann á nýjan leik eins og hann hafi gert við þá örfáu sófa sem til hans hafi verið skilað gölluðum. Seljanda beri ekki bæta álitsbeiðendum annað tjón en það sem stafi af framleiðslugalla.

Viðurkenning seljanda á því að sófinn sé haldinn galla liggur fyrir og hafa álitsbeiðendur skilað sófanum.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um það til hverra úrræða kaupandi getur gripið þegar um gallaðan söluhlut er að ræða. Samkvæmt d-lið 26. gr. getur kaupandi krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr. nema galli á söluhlut sé óverulegur.

Að áliti kærunefndarinnar eru allar líkur á því, þegar galli kemur fram í áklæði á annað borð, að hann komi yfirleitt víðar fram og verði umfangsmeiri þegar fram líða stundir. Af þessum sökum verður yfirleitt að telja galla af þessu tagi ekki óverulega, sbr. orðalag ákvæðis 32. gr. laga nr. 48/2003 sem að framan er vitnað til. Álit kærunefndarinnar er það eins og hér hagar til að álitsbeiðendur eigi rétt á því samkvæmt ákvæðum d-liðar 26. gr. laga nr. 48/2003 að rifta kaupunum á sófanum. Endursöluverð húsgagna sem haldin eru göllum af þessu tagi hlýtur að vera lítið ef einhverjir kaupendur fást á annað borð, sem seljandi heldur þó fram að sér hafi tekist að fá. Hins vegar er

ekkert upplýst um verð þeirra gölluðu sófa sem seljandi hefur haft á boðstólunum hingað til.

Þegar um riftun kaupa er að ræða sem efnd hafa verið að fullu má samkvæmt 2. mgr. 49. gr. laga nr. 48/2003 krefjast skila á því sem móttakið hefur verið. Álitsbeiðendur hafa skilað sófanum, sem fyrr segir, og krefjast þess að fá kaupverð hans endurgreitt ásamt vöxtum. Í 1. mgr. 50. gr. laganna segir þegar kaupum er rift að neytandi skuli færa seljanda til tekna þann afrakstur sem hann hefur haft af hlutnum og greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur að öðru leyti haft af honum. Samkvæmt þessu ákvæði laganna ber að hafa í huga við ákvörðun þess hvað seljanda ber að endurgreiða álitsbeiðendum þau not sem þau hafa haft af sófanum. Sófinn var keyptur 17. október 2005 fyrir kr. 134.900 og segjast álitsbeiðendur hafa skilað sófanum um mánaðamótin maí/júní 2007. Þau hafa því haft not af sófanum í u.þ.b. eitt og hálf ár og verður að taka tillit til þess við ákvörðun á þeirri fjárhæð sem seljanda ber að endurgreiða álitsbeiðendum. Hins vegar telur kærunefndin ekki forsendur til þess að taka sérstakt tillit til þess við þá ákvörðun, fyrst sófinn var gallaður á annað borð, að heimilisköttur álitsbeiðenda kann eitthvað að hafa aukið á gallann.

Í 2. mgr. 50. gr. segir, eigi seljandi að endurgreiða kaupverð, beri honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá þeim tíma er neytandi tilkynnti seljanda að hann myndi bera fyrir sig gallann.

Álitsbeiðendur gera kröfu til þess að þeim verði ákvarðaðir vextir af fjárhæð endurgreiðslunnar frá maí 2006, sé þeim ekki ákvörðuð endurgreiðsla alls kaupverðsins. Í álitsbeiðni segjast álitsbeiðendur haf kvartað út af gallanum 6 mánuðum eftir að kaupin voru gerð og hefur því ekki verið mótmælt af seljanda.

Með framangreind tvö lagaákvæði í huga um not af söluhlut og vexti af endurgreiðslu þykir kærunefndinni hæfilegt að seljandi greiði álitsbeiðendum samtals kr. 100.000.

## V

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðendum, X og Z, kr. 100.000.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

